

En ég sat eins og höggdofa, og gat ekki skilið — eða vildi ekki skilja — hvað karl var að fara.

„Hún hefir sagt mér aðal innihaldið úr þessu ástævintýri ykkar,“ sagði Castilhó ofboð spekingalega.

„Ó, faðir minn!“ hrópaði Ísabella, og það setti að henni ofsagrat um leið; „o—o—ó—fa—fa—mi—mi—um—um!“

„Jæja, jæja, telja mín,“ sagði Castilhó, „það er ef til vill orðum aukið, að þú hafir sagt það, en hitt er þó satt, að þú gafst mér það í skyn, að þið væruð — púff! — gafst mér í skyn, hvernig aðal gangurinn í þessum ástæleik er. — Stefánó helgi! (Hann leit til mín, eins og ég væri Stefán hinn helgi) „Svei mér, ef ég get verð að hanna telpunni að fara eftir tilfinningum hjarta síns; ég læt hana sjálfa ráða, hvern úr 'kappa kranz' hún kys sér. —Svei mér þá!“

„O—o—o—fa—fa—fa!“ sagði Ísabella.

„Jæja, jæja, ég skal hætta!“ sagði Castilhó og leit beint framan í mig; „ég sagði þetta bara til þess, að láta þig vita þau fagnaðar-tíðindi, að ég ætla að segja já og og *amen* við öllu því, sem telpan vili í þessu trúlofunarbauki ykkar. — Púff! Hún er óneitanlega góður kvenkostur, þó hún sé engin búsyslu-kona. — Trú þú mér, Íslendingur góður.“ Hann dró annað augað í pung og kinkaði kollinum ofurlítið. Svo þurkaði hann rennandi svitrauminn af skallanum og andlitinu, stóð því næst upp og gekk út.

En Ísabella sat altaf og grét. Hún ætlaðist víst til þess, að ég færi að hugga sig; en ég fann enga hvöt hjá mér til þess, og gekk því út. Og ég óskaði, að ég væri horfinn upp í kastalann í hlíðinni, ég var farinn að skilja, hvernig í öllu lá, og mér leið alt annað en vel.

Af því, sem Castilhó hafði síðast sagt, dró ég það, að